



# LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

---

Starfsskýrsla 2003 til 2004

---

**STARFSSKÝRSLA  
2003-2004**



Umsjón: Hrafn Magnússon  
Hönnun og prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf  
Hönnun kápu: Hvíta húsið  
Kápumynd: Dýrafjörður  
Ljósmyndir: G. Róbert Ágústsson bls. 4, aðrar myndir: Jóhannes Long

## EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns .....	4
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða .....	5
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða .....	6
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna .....	7
Stjórnun lífeyrissjóða .....	8
Fræðslufundir .....	8
Samkomulag um samskiptamál .....	9
Skýrsla örorkunefndar LL .....	10
Réttindakerfisnefnd LL .....	11
Fulltrúaráð LL .....	11
Lögfræðilegar álitserðir .....	12
Erlent samstarf .....	12
Umsagnir .....	13
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða .....	16
<b>Ársreikningur 2003</b> .....	17
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn .....	19
Áritun endurskoðenda .....	20
Rekstrarreikningur ársins 2003 .....	21
Efnahagsreikningur .....	22
Yfirlit um sjóðstreymi árið 2003 .....	24
Skýringar .....	25



## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Síðasta ár var lífeyrissjóðunum afskaplega hagstætt eftir þrjú erfiðleikaár í röð á fjármagsmörkuðum. Talið er að hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna í fyrra hafi numið um 10% og er það mikill viðsnúningur frá fyrri árum, þegar sjóðirnir þurftu að búa við neikvæða raunávöxtun. Ýmsar ástæður eru fyrir góðum fjárfestingarárangri sjóðanna, en mest um vert er þó hækkun hlutabréfa á

innlendum markaði. Þannig hækkaði heildarvísitala Aðallista Kauphallarinnar um rúm 44% frá upphafi til lok árs á meðan Úrvalsvísitalan hækkaði um 56%. Hækkunar þessar má að miklu leyti rekja til mikillar útrásar íslenskra fyrirtækja og almennt til nokkuð góðra efnahagslegra skilyrða.

Miklar hækkunar urðu einnig á erlendum hlutabréfamörkuðum í fyrra. Þannig hækkaði S&P 500 vísitalan um 22% á árinu, Dow Jones vísitalan hækkaði um 21% og heimsvísitala MSCI um 23%. Á sama tíma hækkaði Nasdaq vísitalan um 50%. Þrátt fyrir hækkandi verð hlutabréfa í Bandaríkjunum hélt dollarinn hins vegar áfram að lækka gagnvart erlendum myntum. Veiking dollarans gagnvart evru nam t.d. um rúm 20% í fyrra og hækkun íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar nam 13,5% á síðasta ári. Veiking dollarans dró því nokkuð úr góðri hækkun erlendra fjárfestinga lífeyrissjóðanna á síðasta ári.

Erlendar eignir lífeyrissjóðanna námu um 19,4% af heildareignum í lok síðasta árs og höfðu hækkað um rúm 4% prósentustig frá árinu áður. Hæst var hlutfall erlendra eigna sjóðanna á árinu 2000 um 22,6%, en hlutfallið lækkaði hins vegar nokkuð á næstu tveimur árum vegna erfiðleika á erlendum hlutabréfamörkuðum. Lífeyrissjóðum er samkvæmt lögum heimilt að fjárfesta fyrir 50% af eignum sínum erlendis, þannig að svigrúm til fjárfestinga er nægjanlegt á næstu árum.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands námu eignir lífeyrissjóðanna um 805 milljörðum króna um síðustu áramót og nam raunhækkun eignanna um 15,4%. Er það mikill viðsnúningur frá síðustu þremur árum þegar raunvöxtur eigna sjóðanna nam aðeins um 4% á ári að meðaltali.

Segja má að tveir merkir áfangar hafi náðst á síðasta ári. Í fyrsta lagi urðu lífeyrisgreiðslu lífeyrissjóðanna meiri en samsvarandi greiðslur hins opinbera almannatryggingakerfis og í öðru lagi þá námu eignir sjóðanna jafnháum fjárhæðum og verg landsframleiðsla þjóðarinnar. Merkur áfangi verður væntanlega á árinu 2005, þegar heildareignir lífeyrissjóðanna fara yfir 1.000 milljarða króna.


Hinn góði fjárfestingarárangur lífeyrissjóðanna í fyrra hefur haft í för með sér að tryggingafræðileg staða sjóðanna er mun traustari en annars hefði orðið. Þannig eru engar líkur á því að nokkur lífeyrisjóður þurfi samkvæmt lífeyrissjóðalögum að grípa til skerðingar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga á ár, en eins og kunnugt er þurfa sjóðir að grípa til aðgerða, ef í ljós kemur að meiri en 10% munur sé á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga í eitt ár eða meira en 5% munur samfellt í fimm ár.

Þrátt fyrir að verulegur bati sé á tryggingafræðilegu stöðu sjóðanna um síðustu áramót fer því hins vegar fjarri að lífeyrissjóðir geti á næstu árum bætt lífeyrisréttindin umfram það sem nú er. Kemur þar margt til en tvennt stendur þó uppúr.


Í fyrsta lagi hafa ævilíkur Íslendinga aukist til mikilla muna á síðustu áratugum. Þegar samið var um að koma á fót lífeyrissjóðum fyrir almennt verkafólk á samningssviði ASÍ á árinu 1969 voru lífeyrisskuldbindingar vegna ævilangs lífeyris miðaðar við allt aðrar lífslíkur. Þannig mátti búast við því að 65 ára gamall karl mundi lifa í 15 ár og 65 ára kona í tæp 18 ár. Nú eru hins vegar lífslíkur 65 ára karlmanns 17,5 ár og 65 ára konu tæplega 21 ár og allt bendir til þess að lífslíkur landsmanna muni aukast áfram á næstu áratugum.

Í öðru lagi hefur á undanförunum árum orðið veruleg breyting á örorkubyrði lífeyrissjóðanna. Engin einföld leið er til að sporna við vaxandi umsóknarfjölda sjóðfélaga vegna örorkulífeyris, heldur þarf

**Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða 1991 til 2003**



**Erlendar eignir sem hlutfall af heildareignum lífeyrissjóða 1994 til 2003**



## HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

að leita margra leiða til úrlausnar vandamálinu. Hvað sem öðru líður þarf við tryggingafræðilegt mat á stöðu sjóðanna að taka tillit til breyttra aðstæðna vegna sífellt hækkandi örorkulífeyris.

Vegna mikilvægis samtryggingarinnar í lífeyriskerfinu hafa samningsaðilar á almennum vinnumarkaði ákveðið að hækka framlag atvinnurekenda í áföngum úr 6% í 8%. Ljóst er hins vegar að þessi hækking iðgjaldsins er aðeins hugsuð til að halda sjó, þannig að ekki þurfi að koma til skerðingar á lífeyrisgreiðslum á næstu árum.

Á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða er nú verið að skoða kosti og galla þess, ef gerðar yrðu grundvallarbreytingar á réttindakerfum lífeyrissjóðanna, ásamt því hvaða aðferðum best væri að beita, ef ákveðið yrði að breyta um réttindakerfi, þ.e. taka upp aldursháð kerfi í stað kerfis með jafna réttindaávinnslu og hvort og þá hvernig slík breyting gæti gengið fram, án þess að sjóðfélagar bæru skarðan hlut frá borði. Hér er síður en svo um að ræða auðvelt viðfangsefni og ljóst er að slík umbreyting er bæði vandasöm og flókin, ef hún á að ná til allra lífeyrissjóða. Verður væntanlega hægt að skýra nánar frá þessu starfi síðar. Það er hins vegar ekki hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða að leggja til breytingar á réttindakerfum sjóðanna, heldur liggur slík ákvörðunin hjá einstökum lífeyrissjóðum og aðilum vinnumarkaðarins. Samtökin geta hins vegar lagt fram þá tækni-vinnu sem þarf, til að hægt sé að taka endanlega ákvörðun.


Ég vil að lokum þakka samstjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og lífeyrissjóðunum ánægjuleg samskipti á starfsárinu. Sérstakar þakkir færi ég Þóri Hermannssyni, fyrrverandi formanni samtakanna, fyrir farsælt brautryðjanda starf, en hann lætur nú af stjórnarstörfum eftir að hafa seti í stjórn samtakanna frá stofnun þeirra. Ég er þess fullviss að Landssamtök lífeyrissjóða hafa á umliðnum árum sannað tilverurétt sinn sem hagsmunasamtök allra lífeyrissjóða í landinu og þess vegna er sérstök ástæða til að líta björtum augum til framtíðarinnar.

*Friðbert Traustason*


### HLUTVERK SAMTAKANNA ER:

- Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga.
- Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Að vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Að stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Að fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi samtaka lífeyrissjóða.
- Að vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.

**Eignir lífeyrissjóða 1984–2003**



**Samsetning eigna lífeyrissjóða 1990 og 2003**





## AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalfundur Landssamtaka Lífeyrissjóða var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 20. maí 2003. Haukur Hafsteinsson stjórnaði fundi en fundarritari var Örn Arnþórsson.

Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Talnakönnunar hf., flutti erindi sem hann nefndi „Ímynd Lífeyrissjóðanna þá og nú.“ Benedikt fór yfir stöðu Lífeyrissjóðakerfisins á árinu 1990 annars vegar og stöðuna eins og hún er í dag. Íslenska lífeyrskerfið væri gott og betra en víða annars staðar. Ímynd sjóðanna mætti vera betri en líka væri gerðar meiri kröfur til Lífeyrissjóðanna en áður.

Þórólfur Árnason, borgarstjóri, flutti erindi sem hann nefndi „Ímynd og sérstaða íslensku lífeyrissjóðanna.“ Þórólfur varpaði m.a. þeirri spurningu fram, hvernig almenningur liti á lífeyrissjóðina. Værum við að gera rétt og gerum við réttu hlutina? Hvernig kæmi lífeyrissjóðakerfið út fyrir mig? Það sem við vildum bjóða væri öruggt og hagkvæmt lífeyrskerfi, þátttaka í atvinnulífínu, frjálst flæði vinnuafis og ákveðið þjónustustig. Lykilatriði væri þó fræðsla og kynning

Þórir Hermannsson flutti skýrslu stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári. Þórir vék fyrst að þeirri stefnumótun sem stjórn LL vann að árið 1999 og hvernig hún í stórum dráttum gekk eftir. Vegna þess hve vel tókst til með þessa fyrstu stefnumótun ákvað stjórnin að leggja vinnu í nýja stefnumótun þar sem yrði reynt að áætla stöðu lífeyrskerfisins næstu áratugina. Í greiningu stjórnarinnar á núverandi stöðu og framtíðarsýn um lífeyrskerfið árið 2020 komi fram að íslenska lífeyrissjóðakerfið byggji á traustum grunni og sterkum og samheldum samtökum, þar sem lögð er áhersla á langtímaþróun kerfisins og traust á milli kynslóða. Landssamtök lífeyrissjóða sjá fyrir sér að á næstu 20 árum fækki lífeyrissjóðum verulega með samruna, vegna aukinna krafna um áhættudreifingu og stærðarhagkvæmni. Þá mun lífeyrissjóðakerfið byggja áfram á þremur meginþáttum: skylduáild allra vinnandi manna að lífeyrissjóðum, fullri sjóðsöfnun, og samtryggingu sjóðfélaga. Greiðslur lífeyrissjóðanna væru nú komnar fram úr lífeyrisbótum almennatrygginga og hlutfall þeirra sem hafa engar aðrar tekjur en greiðslur Tryggingastofnunar hafi lækkað verulega frá árinu 1991. Neikvæð ávöxtun og einnig auknar skuldbindingar sjóðanna vegna áætlana um lengri lífaldur sjóðfélaga valdi því að tryggingafræðileg staða flestra þeirra hafi hins vegar versnað mjög mikið.

Slök ávöxtun lífeyrissjóðanna, sem þeir hafa búið við á undanförunum árum, hafi haft slæm áhrif á ímynd þeirra. Innan stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða hafi þetta mál mjög oft borið á góma enda brýnt að spyrna við fótum, aðallega með öflugri upplýsingagjöf til almennings og sjóðfélaga. Í þessu sambandi má geta þess að Landssamtök lífeyrissjóða hafi ákveðið að leggja sitt mörkum með kynningarátaki í blöðum, þar sem lögð væri sérstök áhersla á traust og trúverðugleika lífeyrissjóðakerfisins og vakni yrði athygli



Kornakur A-Eyjafjöllum

á góðum fjárfestingarárangri íslensku lífeyrissjóðanna í samanburði við lífeyrissjóði erlendis.

Í lok skýrslu sinnar sagði gat Þórir þess að hann hefði ákveðið að gefa ekki kost á sér sem formaður samtakanna í næstu stjórn. Lokaorð Þóris voru á þessa leið: „Vona ég að samtökin megi eflast um ókomin ár, en beri jafnan gæfu til þess að vera umræðuvettvangur og framkvæmdaraðili bæði stórra og smárra ákvarðana sem allar stefna að einu háleitu markmiði, að auka og bæta hag þeirra fjölmörgu einstaklinga, sem við skerta starfsorku eða að lokinni langri starfsævi taka laun sín frá íslensku lífeyrissjóðunum. Gangi það eftir hafa Landssamtök lífeyrissjóða uppfyllt helstu grein laga sinna að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga“.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, kynnti ársreikning samtakanna fyrir árið 2002 og var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Lögð var fram tillaga um kosningu í aðalstjórn og varastjórn og voru engar breytingar gerðar frá fyrri skipan. Tillaga stjórnar um endurskoðunarfélag samtakanna, þóknun til aðal- og varamanna var samþykkt samhljóða.

Að lokinni kynningu Hrafns Magnússonar á fjárhagsáætlun LL fyrir árið 2003, var greint frá skipan fullrúaráðs LL fyrir næsta kjörtímabil.



## STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð átta aðalmönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er tvo ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn samtakanna er þannig skipuð:

Friðbert Traustason, *formaður*  
 Haukur Hafsteinsson, *varaformaður*  
 Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, *ritari*  
 Arnar Sigurmundsson  
 Árni Guðmundsson  
 Margeir Daníelsson  
 Víglundur Þorsteinsson og  
 Þórir Hermannsson.

Vararstjórnin er þannig skipuð: Eiríkur Benjamínsson, Eysteinn Haraldsson, Gunnar Baldvinsson, Jóhannes Siggeirsson, Kári Arnór Kárason, Magnús L. Sveinsson, Pétur Sigurðsson og Sigurbjörg Björnsdóttir.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 10 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykktu samtakanna.

Skrifstofa Landssamtaka lífeyrissjóða er að Sætúni 1, Reykjavík, sími 563-6450, fax 563-6401. Skrifstofuhald er í samrekstri með Greiðslustofu lífeyrissjóða. Heimasíða LL er með vefslóðina <http://www.ll.is> og netfang samtakanna er [ll@ll.is](mailto:ll@ll.is). Framkvæmdastjóri LL er Hrafn Magnússon. Hefur hann með höndum daglegan rekstur samtakanna.



Stjórn og framkvæmdastjóri LL.

Talið frá vinstri: Þórir Hermannsson, Árni Guðmundsson, Hrafn Magnússon, Friðbert Traustason, Haukur Hafsteinsson, Margeir Daníelsson, Arnar Sigurmundsson og Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Á myndina vantar Víglund Þorsteinsson.





## STJÓRNUN LÍFEYRISSJÓÐA

Á undanförunum misserum hafa átt sér stað umræður í fjölmiðlum og víðar um það hvernig valið er í stjórnir íslensku lífeyrissjóðanna og hvort núverandi stjórnskipulag sjóðanna sé séríslenskt fyrirbæri eða eigi sér fyrirmynd í nágrannalöndunum. Til að reyna að varpa ljósi á þessi atriði var ákveðið að fara þess á leit við Tryggva Þór Herbertsson, forstöðumann Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, að hann tæki saman skýrslu um skipan stjórnna lífeyrissjóða fyrir Landssamtök lífeyrissjóða.

Helstu niðurstöður í skýrslu Tryggva eru þær að stjórnun lífeyrissjóða virðist í meginatriðum vera líkt háttað í þeim löndum sem voru til skoðunar. Ef um opna sjóði er að ræða virðist meginreglan vera svipuð þeirri sem hér tíðkast, þ.e. að vörsluaðili og sjóðfélagar skipi stjórn, oftast til helminga, og eru fulltrúar sjóðfélaga kosnir á aðalfundi. Fyrirtækjasjóðir á borð við þá sem þekkjast í flestum löndunum nema á Íslandi eru skipaðir fulltrúum fyrirtækis og fulltrúum starfsmanna og fer val fulltrúa launþega yfirleitt fram á aðalfundi. Lokaðir sjóðir, líkt og eru meginregla hér á Íslandi, eru nær alltaf skipaðir fulltrúum launþega og fulltrúum atvinnurekenda til helminga.

Ef um starfsgreinasjóði er að ræða velur verkalýðsfélag yfirleitt fulltrúa launþega í stjórnina og heildarsamtök atvinnurekenda hina stjórnarmennina. Það fyrirkomulag sem tíðkast á Íslandi við val stjórnarmanna virðist því ekki vera frábrugðið því sem almennt gerist í Evrópu. Þetta er athyglisvert í því ljósi að nokkur gagnrýni hefur komið fram á fyrirkomulag það sem haft er um val í stjórnir lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði og því haldið fram að eðlilegra sé að velja stjórnir á almennum opnum fundum sjóðfélaga. Slík aðferð við val í stjórnir starfsgreinasjóða virðist hins vegar heyra til undantekninga í viðmiðunarlöndunum.

Svipaðar reglur virðast gilda um hæfi stjórnarmanna í öllum löndunum. Reglur á Íslandi um hæfi stjórnarmanna virðast vera mjög í takt við það sem almennt gerist í Evrópu. Mismunandi er hvaða reglur gilda um lengd kjörtímabils stjórnar. Í flestum löndunum er kjörtímabil þrjú ár eða lengra. Hvergi gilda neinar reglur um hve stjórnarmaður getur setið mörg kjörtímabil.

*Almennt virðast því reglur um stjórn íslensku lífeyrissjóðanna vera mjög áþekkar því sem gerist í nágrannalöndum okkar í Evrópu.*

## FRÆDSLUFUNDIR

Að vanda voru haldnir nokkrir fræðslu- og samráðsfundir á kjörtímabili stjórnar samtakanna.

Landssamtök lífeyrissjóða efndu til fræðslu- og umræðufundar 24. september s.l. Fjallað var um „*Siðferðislegar fjárfestingar (Socially responsible investing SRI)*“. Litlar umræður hafa verið hér á landi um siðferðislegar fjárfestingar (SRI) ólíkt því sem er t.d. í nágrannalöndunum, t.d. í Bretlandi og Svíþjóð, þar sem stofnana-fjárfestar, einkum þó lífeyrissjóðir hafa í auknum máli tekið mið af siðferðislegum fjárfestingum í ákvörðun sínum. Umfjöllun um þessi mál var því tímabær í ljósi þess að mikill vöxtur hefur færst í siðferðislegar fjárfestingar erlendra lífeyrissjóða. Fyrirlesarar voru þau Ketill Berg Magnússon, kennari við Háskólann í Reykjavík og Sólveig Stefánsdóttir, viðskiptafræðingur.

Þann 28. október s.l. efndu Landssamtök lífeyrissjóða til samráðsfundar, þar sem fundarefnið var „*Innheimtuaðgerðir lífeyrissjóðanna vegna vangreiddra iðgjalda sjóðfélaga vegna ársins 2002*“ en ríkisskattstjóri hafði þá nýlega sent lífeyrissjóðunum lista yfir vanskilaiðgjöld, sbr. 6. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Framsögumenn voru þeir Ásgeir Heimir Guðmundsson og Grétar T. Kristinsson hjá embætti ríkisskattstjóra og Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Ráðstefna Landssamtaka lífeyrissjóða um *örorkumál lífeyrissjóðanna* var haldin 25. nóvember s.l. Ráðstefnuna setti Arnar Sigurmundsson, formaður örorkunefndar LL og erindi fluttu Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs sjómanna og læknarnir Júlíus Valsson og Sigurður Thorlacius. Nánar er greint frá starfi örorkunefndar LL í starfskýrslunni.

Landssamtök lífeyrissjóða boðuðu til fræðslufundar 4. desember s.l. Á fundinum var fjallað um efnið: „*Hvaða kröfur eru gerðar til upplýsingaöryggis hjá lífeyrissjóðum?*“ Framsögumaður var Guðbrandur Guðmundsson verkfræðingur hjá Stika ehf., sem fjallaði einkum um beitingu öryggisstaðalsins ISO 17799 við stjórnun upplýsingaöryggis og áhrif á innra eftirlit og innri endurskoðun hjá lífeyrissjóðum.

## SAMKOMULAG UM SAMSKIPTAMÁL

Úrskurðar- og umsagnarnefnd Landssamtaka Lífeyrissjóða fjallaði um skyldu Lífeyrissjóðs til móttöku iðgjalds frá sjálfstæðum atvinnurekanda eftir að atburður hefur orðið sem leiðir til lífeyrisréttar. Í 13. gr. laga nr. 129/1997 er ákvæði sem kveður á um frá hvaða tíma réttur til lífeyris samkvæmt lögnum skuli reiknast. Þar segir í 2. mgr. 13. gr.:

*„Réttur til lífeyris samkvæmt lögum þessum reiknast frá þeim tíma sem iðgjald berst lífeyrissjóði. Iðgjöld launþega, sem launagreiðandi hefur sannanlega innheimt en ekki staðið lífeyrissjóði skil á, svo og iðgjaldshluta hans, skal þó meta að fullu til réttinda frá eindaga iðgjaldagreiðslu, enda hafi sjóðnum borist vitneskja um iðgjaldsgreiðsluskyldu innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits skv. 18. gr. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem glatast við gjaldþrot og ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.“*

Samkvæmt þessu ákvæði er ljóst að það er meginregla íslensks réttar að réttur sjóðfélaga í lífeyrissjóði til lífeyris er bundinn þeim iðgjaldagreiðslum, sem lífeyrissjóðurinn hefur tekið við hans vegna. Það er samkvæmt þessu meginregla að ógreidd iðgjöld veita ekki rétt til lífeyris og eru slík iðgjöld þá ekki reiknuð með við mat á rétti sjóðfélaga til framreiknings. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði gildir sérstök undantekningarregla um launþega, þegar sérstaklega stendur á eins og í ákvæðinu greinir. Í þeim tilvikum getur sjóðfélagi, sem er launþegi, öðlast réttindi út á iðgjöld, sem lífeyrissjóðurinn hefur ekki fengið greidd. Er það háð því að lífeyrissjóðurinn fái iðgjöldin greidd frá Ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota, sbr. lög nr. 88/2003, en Ábyrgðasjóður launa tryggir ekki iðgjöld vegna sjálfstæðra atvinnurekanda. Samkvæmt því gildir undantekningarreglan ekki um iðgjöld sjóðfélaga sem er sjálfstæður atvinnurekandi. Ljóst sé að meginreglan um að ógreidd lífeyris-sjóðsiðgjöld veiti ekki rétt til lífeyris gildir um sjálfstæða atvinnurekendur þessi meginregla styðst einnig við þá meginreglu tryggingaréttar almennt að ekki sé unnt að tryggja sig eftir á – að ekki sé unnt að kaupa sér tryggingarréttindi eftir að sá atburður hefur orðið, sem tryggingarréttindin grundvallast á. Fyrir þeirri reglu eru augljós lagarök.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 129/1997 þá skal ríkisskattstjóri hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Tilgangur þessa eftirlits er einungis sá að reyna að tryggja sem kostur er að allir, sem aðildarskyldan tekur til, greiði til lífeyrissjóðs. Ákvæðinu er ekki ætlað að leysa lífeyrissjóði undan þeirri skyldu að innheima iðgjöld í vanskilum vegna sjóðfélaga sinna, né heldur að leysa sjóðfélaga sem er í sjálfstæðum atvinnurekstri undan þeirri skyldu að



Óskudagur

greiða iðgjaldið á réttum tíma í samræmi við þær reglur, sem um iðgjaldaskil gilda.

*Samkvæmt framangreindu var það niðurstaða nefndarinnar að lífeyrissjóði beri ekki að reikna með ógreidd iðgjöld sjálfstæðs atvinnurekanda við útreikning örorku- eða makalífeyris og að lífeyrissjóðnum sé ekki skylt að taka við slíkum ógreiddum iðgjöldum eftir að tryggingaatburður hefur átt sér stað til þess að viðkomandi tryggi sér þannig framreikningsrétt. Eftirlit ríkisskattstjóra með iðgjaldagreiðslum breyti ekki þeirri niðurstöðu.*



## SKÝRSLA ÖRORKUNEFNDAR LL



Hvítá í Árnessýslu

Á stjórnarfundum Landssamtaka Lífeyrissjóða s.l. vor skipaði stjórnin sérstaka starfsnefnd til að fjalla um örorkulífeyrismál sjóðanna. Nefndin var þannig skipuð: Arnar Sigurmundsson, sem var formaður nefndarinnar, Árni Guðmundsson, Haukur Hafsteinsson og Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Með nefndinni starfaði framkvæmdastjóri LL, Hrafn Magnússon.

Segja má að tildrög þessarar nefndarskipunar hafi verið erindi frá Lífeyrissjóði sjómanna, þar sem þess var farið á leit við samtökin að þau beiti sér fyrir því að fundin verði lausn á því vandamáli að hlutfall örorkulífeyrisgreiðslna sé og verði mjög mismunandi milli Lífeyrissjóða. Í erindi sjóðsins er þess getið að miklar örorkulífeyrisgreiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna séu verulegt áhyggjuefni, en hátt hlutfall örorkulífeyris hjá sjóðnum hafi verið nánast óbreytt í mörg ár. Ljóst sé að það gangi ekki til lengdar að nokkrir Lífeyrissjóðir þurfi að greiða allt að helmingi lífeyrisgreiðslna í örorkubætur á meðan þetta hlutfall hjá öðrum sjóðum sé að jafnaði 15-20%.

Starfsnefnd LL um örorkumál hélt 10 fundi á tímabilinu 15. maí 2003 til 3. febrúar 2004. Auk þess efndi nefndin til ráðstefnu um örorkulífeyrismálin í Viðey þann 25. nóvember sl. Á ráðstefnuna mættu fulltrúar stærstu lífeyrissjóðanna, auk sérfræðinga sem mætt höfðu á fundi nefndarinnar.

### HELSTU NIÐURSTÖÐUR NEFNDARINNAR:

Niðurstöðurnar byggjast á ítarlegum umræðum og skoðanaskiptum, m.a. með þeim aðilum, sem kallaðir voru á fundi nefndarinnar og einnig á því hópstarfi, sem fram fór á ráðstefnu LL í Viðey. Engin ein auðveld lausn sé á vaxandi örorkulífeyrisbyrði lífeyrissjóðanna, heldur sé viðfangsefnið margslungið og flókið og leita þurfi margra leiða til úrlausnar vandamálinu. Markast niðurstöður nefndarinnar af þessari skoðun.

1. Nefndin telur mjög mikilvægt að endurskipuleggja og styrkja starfsendurhæfingu hér á landi, m.a. með því að auka framboð á henni og hafa sveigjanlegt skipulag sem bregst fljótt við breytingum á vinnumarkaði. Lífeyrissjóðirnir þurfa að koma að skipulagningu og fjármögnun sameiginlegs starfsendurhæfingarkerfis með miðstöð starfsendurhæfingar, þar sem unnt verði að meta endurhæfingarþörf eða vinnufærni og vísa í endurhæfingarúrræði þegar við á.
2. Stjórnvöld, sveitarfélög og frjáls félagasamtök þurfa að auka og efla forvarnir eftir því sem tók eru á enda sé slíkt talið þjóðhagslega hagkvæmt til að minnka líkur á sjúkdómum síðar á starfsævinni. Efla þarf vinnuvernd og slysavarnir.
3. Mjög mikilvægt er að auka samstarf við sjúkrasjóði stéttarfélagi og grípa þannig nógu snemma inn í endurhæfingarferil sjóðfélagans.
4. Vinna þarf að skilvirkari og vandaðri vinnubrögðum við undirbúning örorkulífeyrisúrskurða, en nokkur brögð hafa verið að því að úrskurðir hafa verið ótraustir vegna ófullnægjandi upplýsinga.
5. Athuga þarf hvort breyta þurfi lífeyrissjóðalögum nr. 129/1997, þannig að heimilt sé að hafna greiðslu örorkulífeyris, ef orkutap hefur varað skemur en í eitt ár. Jafnframt og samhliða þurfa stjórnvöld að hækka sjúkradagpeninga almennatrygginga.
6. Að mati nefndarinnar þarf að draga úr langtímaatvinnuleysi, m.a. með því að styrkja starfsendurmenntun og atvinnumiðlanir.
7. Heimilt verði að draga skaðabætur fyrir örorku af völdum slysa frá örorkulífeyri sjóðanna.
8. Huga þarf að breytingum í samþykktum eða lögum lífeyrissjóða varðandi framreikningsreglur vegna örorkulífeyris með það í huga að þrengja reglurnar. Ákvæði 4. gr. lífeyrissjóðalaganna um lágmarkstryggingarvernd geta þó sett skorður varðandi mismunandi réttindi til elli- eða örorkulífeyris.
9. Skoða þarf hvort um sé að ræða vanmat varðandi tryggingafræðilega athugun á örorkulífeyrisbyrði lífeyrissjóðanna, en almennt er stuðst við danskar örorkulíkur með allt að 30% lækkun. Nauðsynlegt er að Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga vinni upp íslenskan staðal með örorku- og endurhæfingarlíkum.

## RÉTTINDAKERFISNEFND LL

Nokkuð reglulega hafa farið fram umræður á vettvangi lífeyrissjóðanna um mismunandi réttindakerfi lífeyrissjóðanna. Umræðurnar hafa einkum snúist um mismunandi réttindakerfi í samtryggingunni, sem alla jafnan gangi undir heitinu, aldurstengd réttindakerfi og jöfn réttindaávinnsla.

Á stjórnarfundum LL í fyrra var lagt fram erindi Lífeyrissjóðs Norðurlands, þar sem óskað var eftir því að kostir og gallar vegna breytinga á réttindakerfum yrðu skoðaðir, ásamt því hvaða aðferðum best væri að beita, ef ákveðið yrði að breyta um réttindakerfi, þ.e. taka upp aldursháð kerfi í stað kerfis með jafna réttindaávinnslu. Stjórn LL taldi eðlilegt í þessu sambandi að skipa nefnd til að skoða kosti og galla jafnar réttindavinnslu og aldurstengds kerfis og hvort og þá hvernig slík breyting gæti gengið fram, án þess að sjóðfélagar bæru skarðan hlut frá borði. Einnig að farið yrði yfir lagatæknileg atriði. Réttindakerfisnefndin er þannig skipuð: Friðbert Traustason, formaður nefndarinnar, Ari Edwald, Gylfi Arnbjörnsson, Haukur Hafsteinsson, Hrafn Magnússon, Jóhannes Siggeirsson og Víglundur Þorsteinsson. Með nefndinni hefur starfað Bjarni Þórðarson, tryggingafræðingur.

Nefndin hefur haldið all marga fundi og voru nefndarmenn sammála um að hlutverk hennar væri eftirfarandi:

- Nefndin hefur það hlutverk að bera saman kosti og galla mismunandi réttindakerfa.
- Nefndin skal skoða, hvort mismunandi réttindakerfi geti áfram starfað samtímis með hliðsjón af þeim lagaákvæðum sem gilda um skylduáðild launamanna að lífeyrissjóðum og valfrelsi sjálfstæðra atvinnurekenda að sjóðunum.
- Nefndin þarf að kanna hvort búa skuli við eitt samræmt réttindakerfi innan lágmarkstryggingarverndar laganna.
- Kanna þarf reynslu lífeyrissjóða sem tekið hafa upp aldurstengt réttindakerfi og viðhorf stærri lífeyrissjóða með jafna réttindaávinnslu, hvort þeir hafi kannað að taka upp aldursháð réttindakerfi.
- Kanna þarf lögfræðilega hvort hægt er að umbreyta lífeyrissjóði með jafna réttindavinnslu í lífeyrissjóð með aldursháð kerfi og veita þannig mönnum mismunandi lífeyrisréttindi við slíka umbreytingu.
- Nefndin þarf að kanna að hvaða leyti fækkun lífeyrissjóðanna hafi áhrif eða kunni að hafa áhrif á núverandi kerfi margra samhliða réttindakerfa.
- Kanna þarf hvaða áhrif kynjamisvægi á uppbyggingu og hæfni stigakerfisins og hvaða áhrif hægari endurnýjun (nýliðun) hefur á stigakerfið. Einnig hvaða áhrif aukinn hreyfanleiki á vinnu-markaði hefur á tilfærsla milli sjóða.

Að undanförunu hefur nefndarstarf tafist nokkuð m.a. vegna kjarasamningsviðræðna á almennum vinnumarkaði. Í þessu sambandi er



Borgarfjörður eystri

vert að geta þess að samkvæmt bókun í tengslum við kjarasamning Samtaka atvinnulífsins, Starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins frá 7. mars s.l. verður komið á fót sérstakri lífeyrisnefnd SA og ASÍ, sem m.a. skal kanna möguleika á aldurstengingu ávinnslu lífeyrisréttinda og þá kosti og þau vandamál sem fylgja slíkri breytingu. Skal nefndin ljúka störfum með lokaskýrslu og beinum tillögum fyrir árslok 2004.

## FULLTRÚARÁÐ LL

Hver lífeyrissjóður innan Landssamtaka lífeyrissjóða tilnefnir tvo fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna. Auk þeirra eiga sæti í fulltrúaráðinu stjórn og varastjórn samtakanna. Formaður stjórnar skal jafnframt vera formaður fulltrúaráðsins.

Fulltrúaráð skal boðað til fundar á milli aðalfunda eða þegar fimm fulltrúaráðsmenn eða fleiri bera um það ósk til formanns. Verkefni fulltrúaráðsins skal vera að ræða sameiginleg markmið lífeyrissjóðanna og stuðla að samheldni þeirra á milli auk þess að fjalla um þau mál sem hæst ber í starfsemi lífeyrissjóðanna á hverjum tíma.

Stjórn LL boðaði til fulltrúaráðsfundar 4. desember á síðasta ári. Birgir Ísleifur Gunnarsson, Seðlabankastjóri og Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP Verðbréfa h.f., fjölluðu um *Þróun efnahagsmála á næsta ári, svo og þróun á verðbréfamörkuðunum*. Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, ræddi um *Örorkulífeyrisbyrði lífeyrissjóðanna og hvað væri til ráða*. Greindi Hrafn m.a. frá störfum örorkunefndar samtakanna, sem enn væri að störfum, en mundi að öllum líkindum skila lokaskýrslu sinni í upphafi næsta árs.



## LÖGFRÆÐILEGAR ÁLITSGERÐIR

### SKERÐING LÍFEYRISSJÓÐA Á ÖRORKULÍFEYRI VEGNA GREIÐSLU SKAÐABÓTA AF VÖLDUM SLYSA.

Stjórn LL samþykkti á síðasta ári að leita til Viðars Más Matthíassonar, lagaprófessors, að hann tæki saman lögfræðilega álitsgerð um hugsanlega skerðingu lífeyrissjóðanna á örorkulífeyri vegna greiðslu skaðabóta fyrir örorku af völdum slysa.

Hvað varðar heimildir lífeyrissjóða að skerða örorkulífeyri, komst Viðar Már að þeirri niðurstöðu að ef setja á það sem skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris frá lífeyrissjóði, að sjóðfélagi hafi ekki fengið tekjuskurðinguna bættu með skaðabótum, eða öðrum bótum ákveðnum eftir reglum skaðabótaréttar, verði það skilyrði að koma fram í lögum. Hið sama á við um skerðingar á fjárhæðum lífeyris af þessum ástæðum, en meiri vafi kann að vera um þá niðurstöðu. Ekki sé nægilega traustur grundvöllur til að ákveða slík skilyrði eingöngu í samþykktum einstakra lífeyrissjóða.

### ÁLITSGERÐ UM TÚLKUN Á 2. MÁLSGR. 39. GR. LAGA NR. 129/1997.

Stjórn LL samþykkti á síðasta ári að leita til Þórarins V. Þórarinssonar, lögfræðings, um álitsgerð varðandi túlkun á 2. málsg. 39. gr. laga nr. 129/1997 um aðgerðir sjóða vegna munar á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga við tryggingafræðilega athugun.

Helstu niðurstöður í álitsgerð Þórarins V. Þórarinssonar voru þessar:

- Komi fram meira en 10% halli á eignum og skuldbindingum skv. tryggingafræðilegu uppgjöri er sjóðsstjórn skylt að hlutast til um lækkun skuldbindinga með breytingum á samþykktum, þannig að halli verði ekki umfram fyrrgreind mörk. Sama gildir hafi halli farið umfram 5% samfellt í 5 ár.
- Hliðstætt gildir hafi eignir farið 10% umfram skuldbindingar í eitt ár eða umfram 5% samfellt í 5 ár, - þá ber sjóðsstjórn að standa að aukningu skuldbindinga með breytingu á samþykktum, þannig að eign umfram skuldbindingar verði innan við fyrrgreind vikmörk.
- Engin skylda er til að færa skuldbindingar að fullu til samræmis við eignir þótt hlutfall eigna á móti skuldbindingum hafi farið umfram viðmiðunarmörk. Krafa laganna er sú að breyta réttindum þannig að hlutfallið sé innan áðurgreindra marka.

## ERLENT SAMSTARF

Eitt af verkefnum samtakanna er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. Landssamtök lífeyrissjóða eru því aðilar að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku „*European Federation for Retirement Provision*“, skammstafað EFRP. Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Starfsstöðvar samtakanna eru í Brussel og stór hluti af starfsemiinni felst í því að fylgjast með og hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins um málefni sem tengjast lífeyrissjóðunum. Jafnframt vinna samtökin að upplýsingaöflun um þróun lífeyrismála í einstökum aðildarlöndum og miðlun þeirra upplýsinga meðal þátttökubjóða.

Nú eru 17 mánuðir eftir af þeim tíma sem aðildarþjóðirnar hafa til þess að aðlaga lög aðildarþjóðanna að tilskipun fyrir stofnanir sem annast starfstengdan lífeyrissparnað en tilskipunin var samþykkt í fyrirasumar og verður að hafa tekið gildi hjá aðildarþjóðunum 23. september 2005. Hafði þá tekið mörg ár að ná samstöðu meðal þjóðanna um setningu hennar og nokkrar tilraunir til þess á árum áður runnið út í sandinn. Tilskipuninni gildir um stofnanir fyrir starfstengdan lífeyri, þ.e. stofnanir sem taka við iðgjöldum til myndunar og útgreiðslu lífeyrisréttinda, starfa á sjóðmynduðum grunni og eru aðskildar frá þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til þeirra. Starfsemi íslensku lífeyrissjóðanna um móttöku lögbundinna iðgjalda fellur undir reglugerð EB1408/71 og er því undanþegin tilskipuninni. Móttaka viðbótariðgjalda og iðgjalda til séreignarsparnaðar mun hins vegar falla undir tilskipunina. Þar sem löggin um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 taka til flestra þeirra þátta sem væntanleg tilskipun fjallar um, er ekki að vænta mikilla breytinga á íslensku löggjöfinni til aðlögunar að tilskipuninni.

EFRP reynir að hafa áhrif á alla lagasetningu sem snertir lífeyrissjóðina beint eða óbeint. Þannig á EFRP m.a. aðild að sérfræðilegri ráðgjafanefnd sem vinnur með EB nefnd (CEIOPS) eftirlitsaðila með lífeyrissjóðum og tryggingafélögum. Á síðasta ári lét EFRP gera skýrslu „EIORP 2005“ sem fjallar um þróun lífeyrismála í Evrópu og m.a. hvernig þróun skattlagningar og rýmra fjárfestingarumhverfi með tilkomu tilskipunar um starfsemi lífeyrissjóðanna, er líkleg til þess að hafa verulegan árlegan sparnað í för með sér fyrir lífeyrisherfi aðildarlandanna. Með stækkun sambandsins til austurs hafa nýlega bæst í hópinn hjá EFRP lífeyrissjóðasambönd Ungverjalands og Króatíu.



## UMSAGNIR

Eitt helsta verkefni Landssamtaka lífeyrissjóða er að koma á framfæri við stjórnvöld, stofnanir og þingnefndir þeim sjónarmiðum sem varða hagsmuni lífeyrissjóðanna. Verður nú getið nokkurra umsagna Landssamtaka lífeyrissjóða:

### REGLUGERÐ UM ÁBYRGÐASJÓÐ LAUNA.

Óskað var eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi drög að nýrri reglugerð um Ábyrgðasjóð launa, sbr. 27. gr. laga um sjóðinn nr. 88/2003. Farið var sérstaklega yfir III. kafla væntanlegrar reglugerðar um ábyrgð á kröfum um vangoldin lífeyrisiðgjöld. Ekki voru gerðar neinar athugasemdir.

### FRUMVARP TIL LAGA UM UM TRYGGINGAGJALD.

Frumvarpið fjallaði um að fella niður framlag ríkisins til viðbótarlífeyrissparnaðar, sem getur hæst orðið 0,4% eða 10% af 4% iðgjaldi. Landssamtök lífeyrissjóða lögðust gegn samþykki þessara breytinga á lögunum um tryggingagjald. Nauðsynlegt væri að hafa sérstakan hvata, þannig að launamenn sæju sér hag í því að leggja til hliðar ákveðinn hluta af launum sínum í viðbótarlífeyrissparnað. Frekar þyrfti að auka þennan hvata, heldur en draga algerlega úr honum. Þá bæri að geta þess að almenn þátttaka launafólks varðandi viðbótarlífeyrissparnað drægi úr einkaneyslu og ætti þannig að hamlar gegn þenslu í þjóðfélaginu. Auk þess bæri að hafa í huga að launamenn greiða tekjuskatt af viðbótarlífeyrissparnaðinum og þar með einnig af framlagi ríkissjóðs. Þá bæri þess að geta, að þó samið hafi verið sérstakt framlag atvinnurekenda, allt að 2% á móti iðgjaldi launamanna, njóta ekki allir launamenn framlags atvinnurekandans, t.d. ekki starfsmenn sveitarfélaga. Það væri því skoðun Landssamtaka lífeyrissjóða að frekar bæri að stuðla að auknum langtímasparnaði almennings, heldur en að draga úr honum og minnka þannig þá hvatningu, sem nú er í lögum um tryggingagjald

### ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA UM LÍFEYRISRÉTTINDI HJÓNA.

Þingsályktunartillagan fjallaði um að dómsmálaráðherra skipi nefnd sem kanni, hvort rétt sé að tryggja með lögum rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrissjóði mála. Í umsögninni kemur fram að hér sé hreyft mjög viðamiklu og flóknu máli, þar sem ýmis álítamál séu til staðar, ekki síst varðandi réttindagrundvöll lífeyrissjóðanna.

Landssamtök lífeyrissjóða geta fyrir sitt leyti samþykkt skipan slíkrar nefndar, enda eigi bæði LL og þau hagsmunasamtök, sem standa að lífeyrissjóðunum, aðild að nefndinni. Málið væri hins vegar mjög flókið, ekki síst vegna þess að ávinnsla réttinda í lífeyrissjóðum er bundin vinnuframlagi viðkomandi sjóðfélaga. Sjóðfé-

laginn öðlast ákveðin lífeyrissjóðir með iðgjöldum sínum, sem alls ekki er séreign sjóðfélagsins í þeim skilning sem fram kemur í greinargerð þingsályktunartillögunnar. Útborgun lífeyris getur eftir atvikum verið allt önnur en innborgun iðgjöld sjóðfélagsins, m.a. vegna samtryggingarþáttarins, sem tryggir ævilangan ellilífeyri, örorkulífeyri vegna slyss eða sjúkdóms sjóðfélagsins og lífeyri til eftirlifandi maka og barna til að milda fjárhagsleg áföll fjölskyldunnar, þegar sjóðfélagi fellur frá. Huga þarf sérstaklega að þessum samtryggingarþætti lífeyrissjóðanna, ef af þessari nefndarskipan verður.

### FRUMVARP UM GREIÐSLU EFTIRLITSGJALDS TIL FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS.

Óskað var eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Um var að ræða álagningu eftirlitsgjalds til Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2004.

Landssamtök lífeyrissjóða vöktu athygi á álitum samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins, en fram kemur í álitinu að FME hafi ekkert tillit tekið til þeirrar ábendinga sem nefndin lagi til. Þá var bent á erindi Ráðgjafanefndar um opinberar eftirlitsreglur, þar sem nefndin lýsti verulegum efasemdum um stjórnskipulag og tekjuöflunarkerfi Fjármálaeftirlitsins, en nefndin hafði verulegar athugasemdir um kosti þess að skipa eftirlitsstofnunum til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkisins. Landssamtök lífeyrissjóða töldu að nauðsynlegt væri að skoða betur önnur stjórnáætlunuleg úrræði, sbr. umrætt erindi Ráðgjafanefndar um opinberar eftirlitsreglur.

### FRUMVARP UM BREYTINGAR Á LÖGUM UM SKYLDU-TRYGGINGU LÍFEYRISRÉTTINDA OG STARFSEMI LÍFEYRIS-SJÓÐA.

Í fyrsta lagi voru gerðar tillögur um breytingar á ákvæðum, sem varða innleiðingu tilskipunar nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrissjóðanna launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja, einnig um breytingar sem varða starfsstöð hér á landi vegna vörsluaðila viðbótarlífeyrissparnaðar. Í öðru lagi voru lagðar til breytingar á 36. gr. laganna sem varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna.

Landssamtök lífeyrissjóða gerðu ekki athugasemdir við tillögur um innleiðingu tilskipunar nr. 98/49/EB. Hins vegar töldu samtökin ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir við breytingar sem lagðar voru til varðandi fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna.

Gert var ráð fyrir nýrri grein sem fjallar um réttindi launþega, sem koma hingað til lands til starfa frá höfuðstöðvum, sem eru á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru í aðildarríki stofnsamnings



Frírverslunarsamtaka Evrópu. Í þessu ákvæði var aðeins verið að fjalla um réttindi til viðbótarlífeyris. Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning að greinin ætti einnig að ná til lífeyrissjóðanna, töldu samtökin að bæta þyrfti inn ákvæði, sem tækju af öll tvímæli um slíkt.

Samkvæmt frumvarpinu var m.a. lögð til sú breyting á 36. gr. að vísað var í lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði. Landssamtök lífeyrissjóða töldu að ef einvörðungu væri vísað í umrædd lög, væri verið að þrengja núverandi heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestinga í verðbréfasjóðum, þar sem skilgreining á verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði í lögum nr. 30/2003 takmarkast við verðbréfasjóði á Evrópska efnahagssvæðinu og myndi þar með útiloka að hægt yrði að fjárfesta í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum annars staðar, t.d. í Bandaríkjunum eins og nú er algengt. Til að koma í veg fyrir slíka þrengingu, sem væntanlega væri byggð á misskilningi, þyrfti að bæta við nýjum tölulíð, sem heimilar lífeyrissjóðum, eins og verið hefur, að fjárfesta í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá var gerð athugasemd við það ákvæði að lífeyrissjóði væri óheimilt að binda meira en 25% af eignum sínum í innlánnum sama banka eða sparisjóði.

Í frumvarpinu var einnig lagt til að lífeyrissjóðum væri ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu. Nauðsynlegt væri að umorða þessa grein, þannig að ljóst væri að lífeyrissjóðum væri heimilt eins og verið hefur að fjárfesta í svokölluðum „hedge-sjóðum“. Eignir lífeyrissjóðanna væru aðallega bundnar í íslenskum skulda- og hlutabréfum og erlendum hlutabréfum. Draga mætti úr sveiflum í ávöxtun og minnka áhættu íslensku lífeyrissjóðanna, án þess að skerða ávöxtun, með því að bæta við eignaflokki eins og „hedge-sjóðum“. Dæmin sýna að eign lífeyrissjóðanna í slíkum sjóðum auka ekki áhættuna, heldur draga úr henni.

Að lokum vöktu Landssamtök lífeyrissjóða athygli á því, að um viðbótarlífeyrissparnað, sem ávaxtaður er í lífeyrissjóðunum, gilda þrengri fjárfestingaheimildir, heldur en um ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar af hálfu banka og verðbréfafyrirtækja. Slík mismunun í samkeppnisumhverfi væri óeðlileg að mati samtakanna.

## **FRUMVARP TILLAGA UM BREYTINGAR Á LÖGUM UM HÚSNÆÐISMÁL.**

Vakin var athygli á erindi Landssamtaka lífeyrissjóða til Íbúðalánasjóðs varðandi túlkun laganna til aukaúrdráttar. Heimild til aukaúrdráttar húsbreifa væri bundin þeirri takmörkun að hún sé aðeins heimil til að jafna fjárfestingu hjá stofnuninni vegna aukaafborgana eða uppgreiðslu skuldara fasteignaveðbréfa. Heimild til aukaúrdráttar umfram það sé því ekki fyrir hendi. Að baki hverjum

húsbreifa flokki standa tiltekin fasteignaveðbréf, en fram kemur í hverju fasteignaveðbréfi að það sé skiptanlegt fyrir húsbref í tilteknum flokki. Lagaheimild til aukaúrdráttar verði því að skýra þannig að aukaafborgun af fasteignaveðbréfi eða uppgreiðsla fasteignaveðbréfs veiti heimild til aukaúrdráttar í þeim húsbreifa flokki, er umrætt fasteignaveðbréf tilheyrir, en ekki öðrum.

## **UMRÆÐUSKJAL FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS NR. 5/2003 UM RÁÐSTÖFUN IÐGJALDS TIL LÍFEYRISPARNAÐAR OG VIÐBÓTARTRYGGINGAVERND.**

Landssamtök lífeyrissjóða sendu inn umsögn til Fjármálaeftirlitsins varðandi drög að leiðbeinandi tilmælum um túlkun reglugerðar nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingavernd. LL fögnuðu þessu frumkvæði Fjármálaeftirlitsins en gerðu margvíslegar athugasemdir við umræðuskjalið.

Í umsögninni kom m.a. fram að samningur um lífeyrissparnað sé á milli rétthafa og vörsluaðila en ekki launagreiðanda. Ef rétthafi skiptir um starf vill hann í flestum tilvikum viðhalda samninginn við vörsluaðilann. Til þess að forðast óþarfa skrifræði og fyrirhöfn, væri því eðlilegra að gera breytingu á samningnum þar sem nýr launagreiðandi yrði tilnefndur, en önnur ákvæði samnings væru óbreytt. Vörsluaðili gæti þá sent nýjum launagreiðanda afrit samningsins ásamt tilkynningu til rétthafans. Þannig væri hægt að koma í veg fyrir að greiðslur rétthafans og launagreiðandans féllu niður.

Þá töldu Landssamtök lífeyrissjóða nauðsynlegt að endursemjja 15. gr. tilmælanna í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um Ábyrgðasjóð launa. Eitt af helstu nýmælum laganna sé að Ábyrgðasjóður launa tekur nú á sig ábyrgð á vangreiddum iðgjöldum sem nemur allt að 4% af iðgjaldsstofni á grundvelli samnings um viðbótartryggingavernd umfram lágmarksiðgjald samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sérstaklega var vakin athygli á nýrri reglugerðar um Ábyrgðasjóðinn, þar sem gerðar eru ákveðnar kröfur til vörsluaðila lífeyrissparnaðar til þess að krafan sé gild gagnvart Ábyrgðasjóði launa. Litið verði á innheimtuferil vangoldins lífeyrissparnaðar með sama hætti og innheimtu vangoldinna iðgjalda til hefðbundinna lífeyrissjóða.

## **UMRÆÐUSKJAL FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS NR. 9/2003 UM GEGNSÆI Í STARFSEMI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS.**

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir sjónarmiðum eftirlitsskyldra aðila og almennings um gegnsæi í starfsemi eftirlitsins. Í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða var þess getið að breytingar á núgildandi fyrirkomulagi séu ekki á forræði Fjármálaeftirlitsins, þar sem aukin upplýsingamiðlun um niðurstöður þess í einstökum málum sé háð





Málmei

breytingum á lögum, einkum lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í umræðuskjalinu sé réttilega bent á að rík þagnarskylda sé grundvallaratriði í starfsemi Fjármálaeftirlitsins, þó svo að í lögum sé kveðið á um skyldu eða heimild til að veita upplýsingar í afmörkuðum tilvikum. Bæði sé um að ræða upplýsingamiðlun til annarra stjórnvalda, s.s. til ráðherra og ríkislögreglustjóra og til Seðlabanka Íslands. Þá sé ákveðin tilkynningarskylda til almennings, s.s. um veitingu og afturköllun starfsleyfa, samruna o.fl. Þá sé einnig um að ræða heimild til viðvörunar vegna tiltekinna mála, s.s. heimild til að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru þjóða þjónustu án tiltekinna leyfa, svo og geti Fjármálaeftirlitið birt opinberlega yfirlýsingu, ef það telur að ekki hafi verið farið eftir reglum um almennt útboð verðbréfa. Þá sé eftirlitinu veitt heimild að veita þagnarskyldar

upplýsingar í samandregnu formi þannig að einstakir eftirlitsskyldir aðilar séu ekki auðkenndir.

Tiltölulegar rúmar heimildir séu því nú þegar til staðar fyrir Fjármálaeftirlitið til upplýsingamiðlunar. Það sé því skoðun stjórnar Landssamtaka Lífeyrissjóða að ekki sé ástæða til að breyta þeim reglum sem nú gilda um fyrirkomulag þagnarskyldu og upplýsingamiðlunar í starfsemi Fjármálaeftirlitsins, að öðru leyti en því að ekki sé óeðlilegt að eftirlitið birti ákvarðanir um stjórnvaldssektir eða féviti. Stjórn Landssamtaka Lífeyrissjóða tók fram að þrátt fyrir að heimild laga nr. 87/1998, að veita þagnarskyldar upplýsingar í samandregnu formi þannig að einstakir eftirlitsskyldir aðila séu ekki auðkenndir, þá sé slík upplýsingagjöf ákaflega vandmeðfarin, eins og dæmin sanna.



## AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóður	Hrein eign 31.12.2002 þús. króna	Hlutfall af heild í %
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	116.125.953	17,19%
Lsj. verzlunarmanna	101.957.398	15,09%
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	53.673.365	7,94%
Lífeyrissjóður sjómanna	47.062.605	6,96%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	46.039.937	6,81%
Lífeyrissjóður Norðurlands	28.378.311	4,20%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	23.939.624	3,54%
Lsj. bankamanna	19.789.062	2,93%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	19.680.484	2,91%
Almennir lífeyrissjóðurnir	19.484.344	2,88%
Lífeyrissjóðurinn Lífið	18.980.560	2,81%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	17.651.901	2,61%
Lífeyrissjóður Austurlands	13.242.462	1,96%
Lífeyrissjóður lækna	13.009.801	1,93%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	12.960.767	1,92%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	12.011.905	1,78%
Lífeyrissjóður Suðurnesja	11.770.636	1,74%
Lífeyrissjóður bænda	11.387.964	1,69%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	11.356.951	1,68%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	10.495.948	1,55%
Lífeyrissjóður Vesturlands	8.261.145	1,22%
Eftirlaunasjóður F.Í.A.	7.824.992	1,16%
E. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	6.712.216	0,99%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	5.928.452	0,88%
Lífeyrissjóður Suðurlands	5.461.016	0,81%
Lífeyrissj. starfsmanna sveitarfélaga	4.830.217	0,71%
Séreignalífeyrissjóðurinn	3.747.215	0,55%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	3.549.915	0,53%
Lsj. Eimskipafélags Íslands	2.626.241	0,39%
Lsj. Rangæinga	2.385.924	0,35%
Lsj. Flugvirkjafélag Íslands	2.108.793	0,31%
Lsj. Bolungarvíkur	2.003.247	0,30%
Lsj. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	1.408.019	0,21%
Eftirlaunasj. slökkvil.m. á Keflav.flugv.	1.345.421	0,20%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands	1.319.620	0,20%
Lsj. starfsm. Hafnarfj.kaupstaðar	1.308.119	0,19%
Lsj. Mjólkursamsöluunnar	1.250.537	0,19%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	1.102.855	0,16%
Lsj. Akraneskaupstaðar	795.606	0,12%
E. starfsmanna Ólíuverzlunar Íslands	630.416	0,09%
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	580.018	0,09%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	493.543	0,07%
Lsj. stm. Áburðarverksm. ríkisins	469.999	0,07%
Lsj. starfsmanna Húsavíkurbæjar	343.673	0,05%
Lsj. Neskaupstaðar	186.416	0,03%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	39.838	0,01%
<b>Samtals í LL</b>	<b>675.713.431</b>	<b>100,00%</b>

---

# LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA ÁRSREIKNINGUR 2003



# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGINN

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2003 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 28,4 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 1,6 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 31,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 29,9 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. mars 2004.

## **Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:**

Friðbert Traustason

Haukur Hafsteinsson

Arnar Sigurmundsson

Árni Guðmundsson

Margeir Daníelsson

Víglundur Þorsteinsson

Þórir Hermannsson

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

## **Framkvæmdastjóri:**

Hrafn Magnússon



## ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Stjórn og aðildarsjóðir Landssamtaka Lífeyrissjóða.

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka Lífeyrissjóða fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 10. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landssamtaka Lífeyrissjóða á árinu 2003, efnahag þeirra 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 2. mars 2004.

Sæmundur Valdimarsson

**KPMG Endurskoðun hf.**

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2003

	Skýr.	2003	2002
<b>REKSTRARTEKJUR:</b>			
Árgjöld .....	2	28.446.432	25.145.674
		<u>28.446.432</u>	<u>25.145.674</u>
<b>REKSTRARGJÖLD:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	13.946.829	13.050.446
Annar rekstrarkostnaður .....	6	14.420.073	11.092.763
Afskriftir .....	7	762.888	969.101
		<u>29.129.790</u>	<u>25.112.310</u>
(Rekstrartap) -hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		( 683.358 )	33.364
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):</b>			
Vaxtatekjur .....		2.158.140	2.077.966
Arður .....		168.956	78.846
Vaxtagjöld .....		( 28.647 )	( 84.689 )
		<u>2.298.449</u>	<u>2.072.123</u>
<b>Hagnaður</b> .....	9	<u>1.615.091</u>	<u>2.105.487</u>





## EFNAHAGSREIKNINGUR

### EIGNIR

	Skýr.	2003	2002
<b>FASTAFJÁRMUNIR:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Bifreið .....		0	1.442.498
Áhöld, innréttingar og tölvubúnaður .....		<u>788.725</u>	<u>1.153.682</u>
	7	<u>788.725</u>	<u>2.596.180</u>
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum .....	8	<u>772.208</u>	<u>772.208</u>
		<u>1.560.933</u>	<u>3.368.388</u>
<b>VELTUFJÁRMUNIR:</b>			
Skammtímakröfur .....		1.277.812	697.071
Handbært fé .....		<u>32.484.313</u>	<u>30.393.418</u>
		<u>33.762.125</u>	<u>31.090.489</u>
		<u>35.323.058</u>	<u>34.458.877</u>

## 31. DESEMBER 2003

### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	Skýr.	2003	2002
<b>EIGIÐ FÉ</b> .....	9	<u>31.528.288</u>	<u>29.913.197</u>
<b>SKAMMTÍMASKULDIR:</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....		<u>3.794.770</u>	<u>4.545.680</u>
	Skuldir samtals	<u>3.794.770</u>	<u>4.545.680</u>
Eigið fé og skuldir samtals .....		<u><u>35.323.058</u></u>	<u><u>34.458.877</u></u>



## YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2003

	Skýr.	2003	2002
<b>REKSTRARHREYFINGAR:</b>			
Hagnaður ársins .....	9	1.615.091	2.105.487
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	762.888	969.101
Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....		( 505.433 )	0
		<u>1.872.546</u>	<u>3.074.588</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: .....			
Skammtímakröfur, hækkun .....		( 580.741 )	( 562.542 )
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		( 750.910 )	1.032.331
		<u>( 1.331.651 )</u>	<u>469.789</u>
		<u>540.895</u>	<u>3.544.377</u>
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....		0	( 205.932 )
Seldir rekstrarfjármunir .....		1.550.000	0
Fjárfesting í eignarhlut í öðru félagi .....		0	( 100.000 )
		<u>1.550.000</u>	<u>( 305.932 )</u>
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....		2.090.895	3.238.445
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>30.393.418</u>	<u>27.154.973</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		<u>32.484.313</u>	<u>30.393.418</u>

## SKÝRINGAR

### REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

#### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

#### *Innlausn tekna*

2. Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldatekjur þeirra á árinu 2002. Árgjöldin eru 0,070% af 10% lágmarksiðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0033% af hreinni eign í árslok 2002.

#### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundr aðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

#### *Eignarhlutir í félögum*

4. Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

### LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

5. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2003	2002
Laun .....	11.396.152	10.726.168
Launatengd gjöld .....	2.550.677	2.324.278
Laun og launatengd gjöld samtals .....	13.946.829	13.050.446
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf .....	1	1

Laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu samtals 11,4 millj. kr. á árinu 2003.



## SKÝRINGAR, FRH.:

6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2003	2002
Húsaleiga .....	1.261.399	1.236.239
Annar húsnæðiskostnaður .....	309.377	148.973
Pappír, prentun, ritföng .....	787.672	977.704
Símakostnaður .....	308.486	277.697
Burðargjöld .....	123.785	93.236
Bækur, blöð og tímarit .....	507.175	288.378
Aðkeypt þjónusta .....	5.507.298	4.896.908
Rekstur bifreiðar .....	694.503	433.115
Ferðakostnaður .....	329.527	252.600
Fundir, ráðstefnur, námskeið .....	1.093.281	956.303
Fræðslumál .....	0	95.150
Auglýsingar .....	3.030.473	343.391
Félagsgjöld .....	705.346	719.835
Söluhagnaður bifreiðar .....	( 505.433 )	0
Annar kostnaður .....	267.184	373.234
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	<u>14.420.073</u>	<u>11.092.763</u>

## VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:	Bifreið	Áhöld, inn- réttingar og tölvubúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2003 .....	2.984.479	1.904.022	4.888.501
Afskrifað áður .....	( 1.541.981 )	( 750.340 )	( 2.292.321 )
Bókfært verð 1.1.2003 .....	1.442.498	1.153.682	2.596.180
Selt á árinu .....	( 1.044.567 )	0	( 1.044.567 )
Afskrifað á árinu .....	( 397.931 )	( 364.957 )	( 762.888 )
Bókfært verð 31.12.2003 .....	<u>0</u>	<u>788.725</u>	<u>788.725</u>
Heildarverð 31.12.2003 .....	0	1.904.022	1.904.022
Afskrifað samtals 31.12.2003 .....	<u>0</u>	( 1.115.297 )	( 1.115.297 )
Bókfært verð 31.12.2003 .....	<u>0</u>	<u>788.725</u>	<u>788.725</u>
Afskriftahlutföll .....	20%	20-33%	

**SKÝRINGAR, FRH.:****ÁHÆTTUFJÁRMUNIR**

8. Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag Lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf. ....	7,5%	672.208
Greiðslustofa Lífeyrissjóða sf. ....	10,0%	100.000
		<u>772.208</u>

**EIGIÐ FÉ**

9. Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2003 .....	24.416.897	5.496.300	29.913.197
Hagnaður ársins .....		1.615.091	1.615.091
Eigið fé 31.12.2003 .....	<u>24.416.897</u>	<u>7.111.391</u>	<u>31.528.288</u>

**SKULDBINDINGAR**

10. Landssamtökin hafa gert rekstrarleigusamning um bifreið. Skuldbinding vegna samnings, sem ekki er færð í efnahagsreikning, nemur 2,4 millj. kr. og greiðist á næstu þremur árum.





